

Von á tillögum um skotsvæðið

● Samráðshópur á að skila af sér fyrir 1. desember ● Mikil uppbygging fór fram í Álfsnesi ● Heilbrigðiseftirlitið miðar hljóðmælingar við íbúðasvæði þótt svæðið sé iðnaðarsvæði í aðalskipulagi

Guðni Einarsson
gudni@mbl.is

Samráðshópur um Skotfélag Reykjavíkur (SR) í Álfsnesi á að skila tillögum um framtíðartilhögun aðstöðunnar og mögulegt framtíðarsvæði fyrir SR til borgarráðs fyrir 1. desember 2021. Í samráðshópnum sitja tveir fulltrúar Reykjavíkurborgar og tveir frá SR.

Þetta kemur fram í svari ípróttasvæðis tómsundasviðs Reykjavíkur (ITR) við fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness 14. október sl. um hvort unnið hafi verið að því að finna skotæfingafélögum í Álfsnesi nýja aðstöðu.

Þar segir og að borgarráð hafi ákveðið 15. apríl sl. að senda tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um framtíð Skotfélags Reykjavíkur til menningar-, ípróttasvæðis- og tómsundaráðs. Tillagan kvað á um skipun fyrrnefnds samráðshóps.

Mikil uppbygging á svæðinu

Menningar-, ípróttasvæðis- og tómsundaráð samþykkti 28. júní að fulltrúar ITR og Ípróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) ræddu við fulltrúa SR og töluðu einnig við fulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs (USK) og heilbrigðiseftirlitsins (HER).



Ljósmynd/sr.is

Álfsnesi í ípróttasvæði Skotfélags Reykjavíkur, elsta ípróttafélags landsins, í Álfsnesi er aðstaða fyrir riffilskotfimi og haglabýssugreinar. Svæðið kemst næst því að vera þjóðarleikvangur skotípróttu utanhúss hér á landi.

Í yfirferð ITR og ÍBR um málið kom m.a. fram að SR er elsta ípróttafélag landsins, stofnað 2. júní 1867. Áætlað er að 6-8 þúsund manns noti svæðið í Álfsnesi á hverju ári. Auk félagsmanna SR eru það almennir iðkendur, þátttakendur í skotvopnprófum lögreglunnar og Umhverfisstofnunar auk þeirra sem taka skotpróf vegna hreindýraveiða.

Skotsvæði SR í Grafarholti var

lokað árið 2000. Þá var gerður afnotasamningur við Reykjavíkurborg til 20 ára. Nýtt skotsvæði á Álfsnesi var opnað árið 2008.

Skotsvæðið var byggt upp og kostað af Reykjavíkurborg. Um 340.000 rúmmetrar af jarðvegi voru fluttir á svæðið í 20.000 vörublaferðum, reistar voru hljóðmanir til að minnka hljóðmengun í byggð á Kjalarnesi. Auk þess voru reist félagsheimili,

sex kasturnar fyrir leirdúfuvélur, fjórir ólympískir skeet-vellir eftir ÓL-reglum og riffilskýli. „Var ákveðið að setja svæðið á Álfsnes, eftir að skoðaðir höfðu verið um 20 staðir á höfuðborgarsvæðinu. Reiknuðu allir með að þetta svæði yrði varanleg staðsetning.“ segir í svarinu. Þar kemur einnig fram að skotsvæðið komist næst því að vera þjóðarleikvangur skotípróttu á Íslandi. Það

var keppnisvöllur á Smáþjódaleikunum árið 2015.

Heilbrigðiseftirlitið (HER) hefur gert miklar kröfur til skotsvæðisins. Þúð er að banna notkun blýhagla. Hljóðmælingar eru miðaðar við íbúðarhúsnæði en ekki iðnaðarsvæði þótt svæðið handan Kollafjarðar sé skilgreint sem iðnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi. HER innheimti um 650.000 kr. hjá SR vegna undirbúnings starfsleyfis til tveggja ára. Samkvæmt því ætti félagið að hætta útstarfsemi í mars 2023. Aðgangstími hefur verið takmarkaður verulega mikið og félagið má halda fjögur mót á ári. Auk þess hefur HER sett ýmsar takmarkanir og kvaðir sem getur verið erfitt fyrir sjálfboðaliðadriifð ípróttafélag að mæta.

Þá er á það bent að alengt er í Evrópu að skotsvæði séu nálægt byggð og oft við þjóðvegi. Skotvöllur Kaupmannahafnar er t.d. við þjóðveginn á Amager.

Rætt var við fulltrúa SR um hvar væri mögulegt að koma upp nýrri aðstöðu fyrir félagið. Einnig hvað slíkt myndi kosta og hvort hægt væri að flytja núverandi búnað frá Álfsnesi, ef nýtt svæði myndi fundast. Einnig var rætt við umhverfis- og skipulagssvið um möguleika á nýrri staðsetningu skotæfingasvæðis í borgarlandinu.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2021, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2021 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2021, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oliugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launa-kostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármála fyrirtæki, fjöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2021

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Morgunblaðið/Eggert

Makindalegur Selur spókar sig í fjörinni við Ytri-Tungu á Snæfellsnesi.

Sveiflast nálægt sögulegu lágmarki

● Landsel hefur aðeins fjölgað frá 2018

Samkvæmt nýju mati á stærð landselsstofnsins við landið telur hann nú um 10.300 dýr sem eru 69% færri dýr en árið 1980 þegar fyrstu talningar fóru fram. Matið sýnir hins vegar fjölgun um 9% frá árinu 2018 þegar sambærilegt stofnstærðarmat var síðast unnið og matið var að í stofninum væru 9.434 dýr. Benda niðurstöður undanfarinna ára til þess að stærð stofnsins sveiflist nálægt sögulegu lágmarki, segir í frétt á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar.

Fjöldi landsela var metinn um 33 þúsund dýr 1980. Fram til 1989 fækkaði ört í stofninum og var hann þá metinn um 15 þúsund dýr. Eftir það hélt fækkunin áfram, þó hægar en áður.

Afföll vegna óbeinna veiða

Lagt er til í ráðgjöf að beinar veiðar á landsel verði áfram takmarkaðar. Einnig að gripíð verði til frekari aðgerða til að draga úr meðafli landsels við netaveiðar, til að stuðla að því að stofnstærð nái aftur stjórnunarmarkmiðum stjórnvalda fyrir landsel við Ísland. Fram kemur í skýrslunni að umtalsverð afföll séu vegna óbeinna veiða, þ.e. selur komi sem meðafli við fiskveiðar. Líklegt að helsta

dánarorsökin sé vegna þessa og þá sérstaklega við grásleppuveiðar. Samkvæmt stjórnunarmarkmiðum skal lágmarksstofnstærð vera 12.000 selir. Niðurstöður stofnmatsins eru 14% undir þessum markmiðum.

Í ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar kemur fram að ný reglugerð um bann við selveiði var innleidd 2019. Samkvæmt henni eru allar selveiðar óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi frá Fiskistofnu til veiða til eigin nytja. Öll sala og markaðsfærsla á íslenskum sel og selaafurðum er einnig bönnuð.

Áhrif mannaferða verði metin

Jafnframt leggur stofnunin til að reynt verði að takmarka möguleg truflandi áhrif af athöfnun manna, sérstaklega frá maí og fram í ágúst þegar kæping og háraskeipti eiga sér stað. Samfara aukinni ferðamennsku sé brýnt að efla rannsóknir á áhrifum mannaferða á selastofna og hvernig lágmarka megi þau, segir í skýrslunni.

Ráðgjöfin byggist á mati á stærð landselsstofnsins við Ísland sem Hafrannsóknastofnun, í samvinnu við Selasetur Íslands, hefur nýlega lokið vinnu við. Matið byggist á talningum sumarið 2020. aij@mbl.is